

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 49/2002**

**frá 31. maí 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2002 frá 19. apríl 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/48/EB frá 28. júní 2001 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/57/EB frá 25. júlí 2001 um breytingu á viðaukunum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á kornvörum, matvælum úr dýraríkinu og tilteknum vörum úr jurtaríkinu, meðal annars ávöxtum og matjurtum <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) **Tilskipun** framkvæmdastjórnarinnar 2001/62/EB frá 9. ágúst 2001 um breytingu á tilskipun 90/128/EBE um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli <sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 12 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 3.7.2001, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 208, 1.8.2001, bls. 36.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 221, 17.8.2001, bls. 18.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XII. kafla II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
  - „- **32001 L 0048:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/48/EB frá 28. júní 2001 (Stjtið. EB L 180, 3.7.2001, bls. 26),
  - **32001 L 0057:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/57/EB frá 25. júlí 2001 (Stjtið. EB L 208, 1.8.2001, bls. 36).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE):
  - „- **32001 L 0057:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/57/EB frá 25. júlí 2001 (Stjtið. EB L 208, 1.8.2001, bls. 36).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 52. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE):
  - „- **32001 L 0062:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/62/EB frá 9. ágúst 2001 (Stjtið. EB L 221, 17.8.2001, bls. 18).“

*2. gr.*

Texti tilskipana 2001/48/EB, 2001/57/EB og 2001/62/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*